

**GREINARGERÐ**

**INNGANGUR:** Deiliskipulag þetta tekur til fjallaselins **Tjarnarver** á Gnúpverjafrétt. Afmörkuð er lóð fjallaselins og skilmálar settir um uppbyggingu. Stærð lóðarinnar er 37781 m<sup>2</sup> sem jafngildir 3.8 hekturum. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið. Gnúpverjafréttur er þjóðlenda og um hann gilda Þjóðlendulög 58/1998. Svæðið er í suðurjaðri Friðlands Þjórsárveru.

Á svæðinu er nú gistiskáli byggður 2016 sem rúmar 16 manns í gistingu, sambyggður hestúsi sem byggt er 1984. Um er að ræða 89 m<sup>2</sup> byggingu auk útikamars. Svæðið er áningastaður ferðamanna sem leggja leið sína um Gnúpverjafrétt og Þjórsárver, riðandi, gangandi, hjólandi eða akandi. Vegslóði inn Gnúpverjafrétt liggur að svæðinu.

Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Öll mannvirki svæðisins verða innan lóðamarka, þar með talið byggingar, fráveita, fyrirhugað vatnsból, tjaldsvæði og áningahólf. Við gildistöku þessa deiliskipulags skal gefa út hnitsett lóðablað.

**LÝSING SVÆÐIS:** Skipulagssvæðið er syðst í Tjarnarveri, á flatlendu svæði í jaðri gróðurs. Norður og austur af svæðinu breiða Þjórsárverin úr sér, einstakt svæði með tignarlegan Hofsjökul í baksýn. Svæðið er á bakka Þjórsár í um 581 metra hæð yfir sjárvámá. Ef farið er um fjórum kílómetrum lengra inn með Þjórsá er komið að Bólstað, fornum náttstað gangnamanna á svæðinu. Við Bólstað er Sóleyjarhöfðavaði á Þjórsá. Vistlendi skipulagssvæðisins er aðallega mólendi og moslendi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Votlendi eða rústamýravist er ekki að finna innan lóðamarka. Ekki er innan svæðisins vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd 60/2013.


**SAMRÆMI VIÐ FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR:** Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sveitarfélögum gert að skilgreina uppbyggingu á miðhálandinu þannig að ... þess verði gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerðir viðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst ... megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Unnið er nú að gerð Svæðisskipulags Suðurlandshálendisins.

Í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 er eitt markmiða sveitarfélagsins ... að leitast við að viðhalda litt snortnu yfirbragði hálendisins... Þeir staðir þar sem uppbygging mannvirkja hefur farið fram hafa verið afmarkaðir sem Afþreyingar- og ferðamannasvæði. Með því að ramma inn þessi svæði með gerð deiliskipulags er stuðlað að því að yfirbragð ósnortins hálendisins haldi sér og frekari uppbygging verði einungis innan þegar afmarkaðra (raskaðra) svæða.

Fjallað er um Afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendinu í 4. kafla aðalskipulags. Tjarnarver er merkt AF 22, skilgreint sem Fjallasel. Þar segir um fjallasel: *Þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits.* Um AF-svæði almennt: *Gert er ráð fyrir svigrúmi til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný, að undangengnu deiliskipulagi. ... Gert ráð fyrir að stærðir lóða taki mið af umfangi starfseminnar... Þar sem gert er ráð fyrir gistingu geti allt að 50 gestir gist í húsum.*

**FRIÐLAND Í ÞJÓRSÁRVERUM:** Þjórsárver og nágrenni þeirra ásamt Hofsjökli í heild sinni voru fríðlýst með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 9. október 2017 (870/2017): *Markmið fríðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarmínja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins. ... Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Einnig er heimilt að halda við mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun, án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Einnig kemur fram að ... allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða rökun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Óheimil er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu.* Ekki hefur verið gefin út stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðlandið í Þjórsárverum.

**UMHVERFISÁHRIF:** Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögnum. Áhrif af uppbyggingu svæðisins eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem stuðlað er að fjölgun ferðamanna og aukinni þjónustu/atvinnu á svæðinu samfara því. Skipulag svæðisins raskar ekki sérstæðum jarðmyndunum, gróðri, dýralífi eða ósnortnum víðernum umfram þá rökun sem þegar hefur átt sér stað. Sjónræn áhrif vegna uppbyggingar mannvirkja eru óumflýjanleg en snrytimennska verður höfð í hávegum til að lágmarka neikvæð áhrif. Áhrif af aukinni ferðamennsku innan friðlands Þjórsárvera eru talin geta haft neikvæð áhrif á viðkvæm svæði. Spornað verður gegn þessum áhrifum með ákvæðum um aðgang ferðamanna sem sett verða í stjórnunar- og verndaráætlun Friðlandsins. Aðgangsstýring að viðkvæmum svæðum er ekki efni þessa deiliskipulags.



**FORNMINJAR:** Skráning fornminja fór fram í Þjórsárverum í fyrirhuguðu lónsstæði Norðlingaölduveitu árið 1998. (Fornleiffræðistofan - Bjarni Einarsson). Engar fornminjar fundust innan skipulagssvæðisins við þær rannsóknir. Ekki er heimilt að hrófa við minjum sem kunna að koma í ljós við framkvæmdir innan svæðisins nema í samráði við minjavörð Suðurlands samkvæmt lögum um menningarmínjar nr. 80/2012.

**SAMGÖNGUR:** Að svæðinu er aðkoma af vegslóðanum sem liggur inn afréttinn samsíða Þjórsá. Í aðalskipulagi er vegurinn flokkaður sem landvegur og er svo lýst: *Vegur frá Sultartangavirkjun og inn afréttinn austanverðan.* Samkvæmt flokkun á skýringaupprætti fyrir vegi á afrétti er um að ræða: *F2 - Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum að sumarlagi, óbrúaðar ár.*

Svæðið er áfangastaður við Sprengisandsleið hina fornu sem liggur inn afréttinn, um Tjarnarver og inn að Bólstað. Leið þessi liggur frá Skriðufelli í Þjórsárdal að Mýri í Bárðardal. Í nágrenni skipulagssvæðisins fylgja bílslóðar þessari leið.

Frá Tjarnarveri er göngu- og reiðleið inn í Nauthaga og austur með Múlajökli að Arnarfelli hinu mikla. Á leið þessari þarf að þvera allmargar upptakakvíslar Þjórsár.

Afmörkun samgangna hér er í samræmi við merkingar á upprætti sem finna má í viðauka auglýsingar um friðland Þjórsárvera (870/2017).

**VEITUR:** Ekkert vatnsból er á svæðinu og hefur vatn til neyslu og þrifa verið keyrt á svæðið eða regnvatni safnað. Möguleiki er á að virkja vatnsból norðaustan á lóð (merkt á upprætti). Heimilt er að virkja vatnsból og veita inn á svæðið til að sinna þörfum þess. Við öflun neysluvatns og frágang vatnsveitu skal fylgja reglugerð um varnir gegn mengun vatns 796/1999 og reglugerð um neysluvatn 536/2001.

Heimilt er að rafvæða svæðið. Heimilt er að framleiða rafmagn á svæðinu sem uppfyllir þarfir starfseminnar. Sú framleiðsla getur verið með vindrellu, sólarþeglum eða öflurafstöð, allt að 10 kW.

Frárænnli skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Við staðsetningu rotþrórs skal huga að því að aðgengi til tæmingar sé gott. Jafnframt er heimilt að vera með þursalerni skv. gr. 13.5 í sömu reglugerð.

**SORP:** Allt sorp sem fellur til skal flutt af staðnum, flokkað og afsett samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

**TJALDSVÆÐI:** Heimilt er ferðafólki að tjalda til skamms tíma innan svæðisins.

**ÁNINGAHÓLF:** Innan lóðamarka er heimilt að vera með áningahólf fyrir hesta. Núverandi áningahólf er merkt inn á upprætti. Einnig er heimilt að setja upp girðingar/gerði fyrir sauðfé sem nýta má við smalamennskur á haustin. Ekki er heimilt að beita hrossum innan svæðisins. Hey sem flutt er inn á svæðið skal aflað innan sama sauðfjárveikivarnahólfis. Afgangshy skal nýtt til uppgreðslu í samráði við Landbótafélag Gnúpverja.

**SKILMÁLAR UM BYGGINGAR:** Á byggingareit B1 stendur núverandi hús, gistiskáli sambyggður hestúsi, 89 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að stækka núverandi skála og breyta hestúshluta hans í gistirými. Heildarstærð skálans verði mest 130 m<sup>2</sup>, svefnloft þar ótalin. Heimilt er að gistiþláss verði fyrir 40 manns. Heimilt er að koma upp stakstæðu salemishúsi innan sama byggingareits, allt að 20 m<sup>2</sup>. Jafnframt er heimilt að byggja allt að 60 m<sup>2</sup> fræðslumannvirki til að ná fram ofangreindum markmiðum fríðlýsingar að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins. Mannvirkið gæti þjónað með öðru sem dvalarstaður landvarðar. Mænishæð þessara bygginga skal ekki yfirstíga 6.0 metra.


Á byggingareit B2 er heimilt að reisa hesthús allt að 60 m<sup>2</sup>. Hesthúsinu er fyrst og fremst ætlað að vera ferðahrossum skjóli í hrakviðrum. Mænishæð skal ekki yfirstíga 4.0 metra. Innan áningahólfis er jafnframt heimilt að setja upp skjól.

Almennt skulu byggingar falla vel að landslagi. Yfirbragð og ásynd skal samræmd í litavali. Mænisstefna, þakhalli og húsagerðir eru gefnar frjálssar. Við byggingar húsa skal fylgja ákvæðum gildandi byggingareglugerðar.

Við framkvæmdir skal forðast eins og kostur er að raska gróðri eða landi. Við alla umgengni um skipulagssvæðið og nágrenni þess skal gæta fyllstu snrytimennsku. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan verndarsvæðisins. Öll geymsla lausamuna utandyra er óheimil á svæðinu. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við fríðlýsingarskilmála. Leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og, þegar við á, lög um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_




**FERLI DEILISKIPULAGSTILLOGU:** Samþykkt til kynningar og umsagna í sveitastjórn 7.12.22. Kynning auglýst 29.12.22 - 20.1.23. Umsagnaraðilar: Náttúrufræðistofnun (20.1.2023) / Umhverfisstofnun (20.1.2023) / Landgræðslan (20.1.2023) / Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (24.1.2023) / Forsætisráðuneytið (11.1.2023) / Vegagerðin (11.1.2023) / Minjastofnun Íslands / Ferðamálastofa.

Deiliskipulagstillaga auglýst -----

**BREYTINGAR:** 5.2.2023 - Að lokinni kynningu: Fyrirhugað vatnsból fært á upprætti. Aukið við texta sem varðar umföllun um Friðlandið í Þjórsárverum. Heimild fyrir þursalerni.

GNÚPVERJAAFRETTUR  
TJARNARVER  
FJALLASEL  
DEILISKIPULAG



Mælikvarði 1:2000 / 1: 15000 á A2

*Sigurður U. Sigurðsson*

01. 02. 2021 SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279